

372. – Stjórnarfundur LEB 19. júní 2023

Kl. 9.30 - Haldinn sem fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Jónas Sigurðsson og Magnús Jóhannes Magnússon.

Gestir: Ásgerður Guðmundsdóttir og Ketill Helgason verkefnastjórar Bjarts lífsstíls

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 26. maí, borin upp

Samþykkt

2. Styrktarsjóður aldraðra

a) Lagt til að framlag LEB nú á þessu ári í sjóðinn verði kr. 200.000

Samþykkt

b) Borist hefur styrktarbeiðni frá Freyju Hilmarsdóttur íþróttافرæðingi vegna framhaldsnáms í Bretlandi í heilsuefningu fyrir eldra fólk.

Lagt til að henni verði veittur styrkur kr. 400.000 úr Styrktarsjóði aldraðra.

Samþykkt

Umræða um að halda styrktarsjóðnum gangandi áfram og veita úr honum reglulega styrki til góðra mála sem snúa að velferð eldra fólks.

Samþykkt

3. Kjaramálaráðstefna LEB haustið 2023 ásamt formannafundi

Stjórn hefur þegar ákveðið að halda skuli kjaramálaráðstefnu í haust og vegna þessa hafa verkefnastjórar Bjartari lífsstíls, þau Ásgerður og Ketill, verið boðaðir á fundinn. Þau héldu vel heppnaða ráðstefnu í lok maí sl. í Háskólanum í Reykjavík og því reynsla þeirra og þekking mikilvæg til að koma að þessu verkefni og vera með í undirbúningi hennar og framkvæmd. Enda eiga þau nú haldgott skapalón fyrir ráðstefnu af þessu tagi, bæði hvað varðar skipulag og kynningu.

Rætt hefur verið við Kolbein Stefánsson félagsfræðing um að halda utan um fræðilegan hluta ráðstefnunnar og gefa ráðgjöf um áherslur og uppbyggingu ráðstefnunnar. Mun hann hugsanlega kalla fleiri til ef þarf.

Mikilvægt er að setja sem fyrst niður markmið með ráðstefnunni og vinna skýrt samkvæmt þeim. Mikill fróðleikur er nú þegar til ásamt tölfraeði og skýrslum sem



LEB

Landssamband eldri borgara

munu nýtast ágætlega við áherslumarkmið ráðstefnunnar, sem og formannafundarins sem halda á samhliða.

Heppilegt þykir að ráðstefnan standi ca 4 – 5 klst. og myndi vera á eftirmiðdegi. Um morguninn væri formannafundur LEB haldinn í sömu húsakynnum og ráðstefnan, sem gætu t.d. verið HR eða Gróska. Stjórnin beinir sjónum einkum til þriðjudags 3. október eða miðvikudags 4. október. Það sem einkum ræður að þessar dagsetningar séu taldar heppilegar er m.a. að auðveldara er að halda formannafund í miðri viku með tilliti til gistimöguleika, auðveldara að fá þátttakendur á ráðstefnu, í byrjun október verða væntanlega kjördæmadagar á Alþingi og þá líklegra að fá stjórnámamenn til þátttöku einkum ef þeir eru boðaðir með góðum fyrirvara.

4. Skipun í Velferðarvaktina

Beiðni hefur borist frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu að skipa nýjan fulltrúa LEB í Velferðarvaktina. Fulltrúi LEB, Dagbjört Höskuldsdóttir hefur beiðist lausnar og eru henni þökkúð góð störf.

Lagt er til að Drífa Sigfúsdóttir varaformaður verði fulltrúi LEB.
Samþykkt

5. Þóknun vegna starfa í opinberum nefndum

Stjórnvöld leita mikið til LEB um fulltrúa eldra fólks til setu í ýmsum nefndum og ráðum. Þessi nefndarstörf eru ávalt ólaunuð og bera jafnframt oft kostnað vegna ferða og upphalds því leggur formaður til að nefndarfundir verði launaðir af hálfu LEB sem jafnframt greiði útlagðan kostnað nefndarmanna vegna þessara starfa, svipað og stjórnarmenn LEB fá. LEB hefur m.a. notað þau rök fyrir styrkjabeiðni sinni til ráðuneytisins að það þurfi að mæta þessum kostnaði.

Drífa óskar eftir að formleg tillaga komi fram.
Afgreiðslu því frestað

6. Önnur mál

a) Sigrún gjaldkeri vakti athygli á að reglur vegna greiðsluþátttöku LEB vegna fulltrúa á landsfundi þyrftu að vera skýrari. Gert er ráð fyrir í lögum að LEB greiði t.d. helming fyrir gistingu, en álitamál hefðu komið upp hvort það ætti að vera fyrir eina nótt eða tvær. Landfundur hæfist venjulega upp úr kl. 10 að morgni og því væri augljóst að margir þeirra sem ættu um langan veg að fara þyrftu að hefja ferð sína deginum áður og gista fyrir landsfund. Fundinum lýkur alla jafna um kl. 17 og síðan er venjan að hafa valfrjálsan kvöldverð. Því hefur komið upp álitamál hvort fólk kæmist til sín heima að loknum fundi og eins að þeir sem kjósa að sitja kvöldverðinn fái þá ekki greidda gistinóttina að honum loknum að hálfu, sem sumir fulltrúar aðildarfélaga hafa óskað eftir.

b) Ketill Helgason kynnti sig fyrir stjórn en hann er að leysa Margréti Regínu Grétarsdóttur af sem verkefnastjóri Bjarts lífsstíls á móti Ásgerði, þar sem hún er

komin í fæðingarorlof.

- c) Ásgerður og Ketill verkefnastjórar Bjarts lífsstíls sögðu frá stöðu verkefnisins. Fóru yfir ýmsar fleti þess. Þau munu halda áfram á ferð sinni um landið, ýmist með staðfundum eða fjarfundum. Það hefur verið mesta áskorunin að fá sveitarfélögin til liðs við verkefnin, sem unnin eru einnig með félögum eldri borgara, heilsugæslunni og íþróttahéruðum. Þau hafa víða mætt miklum skilningi og ekki síst velvilja og ánægju, svo það fer að koma tími til að skoða hvort ekki sé full ástæða til að halda verkefninu áfram og leita eftir áframhaldandi styrk frá ráðuneytum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.58. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Samþykkt á stjórnarfundum LEB, þriðjudag 22. ágúst 2023



Helgi Pétursson formaður LEB